

Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn í Þingborg, Flóahreppi miðvikudaginn 31. ágúst 2022 kl. 16:00.

Mætt:

Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Geir Sveinsson sátu fundinn í fjarfundi.

Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Starfsmannamál.

Fyrir liggur að ráðinn var tímabundið hegðunarráðgjafi til Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þegar ekki fengust sálfræðingar til starfa. Tímabundna ráðningin er til 31. október 2022. Samþykkt að framlengja tímabundna ráðningu hegðunarráðgjafa til 31. desember 2022.

2. Húsnæðismál.

Fyrir liggur erindi frá Geir Sveinsyni bæjarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Hveragerðis, dagsett 28. ágúst 2022 þar sem Hveragerðisbær lýsir yfir þörf á að nýta húsnæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. undir eigin starfsemi og vísar í að samningur um húsnæðið sé á milli Hveragerðisbæjar og Kvenfélags Hveragerðis. Jafnframt liggur fyrir minnisblað dagsett 30. ágúst frá Óskari Sigurðssyni og Hjalta Geir Erlendssyni hjá LEX Lögmannsstofu um húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þar sem fengið er álit á tilgreindum spurningum og álitafnum í tengslum við húsnæðismál byggðasamlagsins og samningi Hveragerðisbæjar við Kvenfélag Hveragerðis.

Rætt er um forsendur fyrir því hvers vegna þörf er talin fyrir nýju húsnæði fyrir SVÁ og af hverju umræða um húsnæðismál SVÁ hafi ekki farið fram í stjórn, einungis hjá forstöðumanni SVÁ og Hveragerðisbæ.

Stjórn er sammála því að berast þurfi formleg og skrifleg uppsögn á húsnæði til NOS til að hægt sé að bregðast við erindi Hveragerðisbæjar. Fyrir liggur uppsagnarfresturinn séu sex mánuðir frá skriflegri uppsögn samkvæmt minnisblaði frá LEX.

Að loknum þessum lið yfirgefur Melkorka Jónsdóttir fundinn.

3. Framtíð byggðasamlagsins.

Í vor var framtíð byggðasamlagsins rædd í stjórn eftir úttekt sem framkvæmd var um SVÁ fyrir stjórn NOS árið 2021. Niðurstaðan þá var að bíða með umræðu um framtíð SVÁ fram yfir kosningar. Rætt var um hvort stækka eigi byggðasamlagið og setja alla velferðarþjónustuna inn í það og færa ákvörðunarvaldið til byggðasamlagsins. Síðustu þrjár forstöðumenn SVÁ hafa viljað fá ákvörðunarvaldið inn í byggðasamlagið. Helsta vandamálið í dag er umboðsleysi SVÁ og mikið flækjustig. Samkvæmt skýrslunni sem var unnin eru settir fram þrjár valkostir um framtíð SVÁ. Niðurstaða úr umræðunum er að aðalmenn og varamenn í stjórn NOS fundi nánar um mögulegar útfærslur.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 12.september kl. 15:00 í Aratungu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:50.